

**3194. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
2. nóvember 2016 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Raket Óskarsdóttir varamaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1606079 - Fjárhagsáætlun 2017 - 2020

Frumvarp að fjárhagsáætlun 2017.

Andrés Ólafsson fjármálastjóri og Jóhann Þórðarson endurskoðandi taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Frumvarp að fjárhagsáætlun 2017 - 2020 samþykkt og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Bæjarráð lýsir yfir ánægju með áframhaldandi góðan rekstur í A-hluta bæjarsjóðs og þakkar stjórnendum og starfsmönnum fyrir þeirra hlut í góðri niðurstöðu. Ennfremur fagnar bæjarráð þeim viðsnúningi sem verður á B-hluta og samstæðunni vegna samkomulags fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila. Skuldahlutfall samstæðunnar lækkar úr 116,7% í árslok 2015 í 87,8% í árslok 2017, miðað við áætlun.

2. 1609061 - Framkvæmdaáætlun 2017 - 2020

Forgangsröðun framkvæmda.

Bæjarráð felur skipulags- og umhverfisráði að forgangsráða fjárfestingum og framkvæmdum ársins 2017 og skila áætlun til bæjarráðs eigi síðar en 22. nóvember næstkomandi.

3. 1603106 - Orkuveita Reykjavíkur - verðmat

Erindi byggðarráðs Borgarbyggðar um eignarhlut og verðmat Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur.

Bæjarráð samþykkir að skipa fulltrúa í rýnihóp til að fara yfir verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur vegna hugsanlegrar sölu Borgarbyggðar á hlut í fyrirtækinu. Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá málinu.

- 4. 1611009 - Samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga**

Samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindinga.

Bæjarráð fagnar niðurstöðu samkomulags dags. 28. október síðastliðinn um uppgjör lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila með sveitarfélagaábyrgð. Samningurinn felur í sér að um eins milljarðs króna skuldbinding vegna hjúkrunarheimilisins Höfða verður yfirtekin af ríkinu. Eins og fram kemur í samkomulaginu munu viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga halda áfram um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum en í samkomulaginu kemur fram að ein af forsendum uppgjörins sé að þeim viðræðum verði lokið fyrir árslok 2018.

- 5. 1606106 - Fasteignamat 2017**

Skýrsla um fasteignamat 2017 frá Þjóðskrá Íslands.

Lögð fram.

- 6. 1510028 - Þjónustusvæði í málefnum fatlaðra - undanþága frá viðmiðum um lágmarksíbúafjölda þjónustusvæðis í málefnum fatlaðra**

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um undanþágubeiðni frá íbúafjölda þjónustusvæða í málaflokki fatlaðs fólks.

Lagt fram til kynningar í bæjarráði en efnislegrar meðferðar í velferðar- og mannréttindaráði.

- 7. 1610095 - Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029**

Athugasemdir Stykkishólmsbæjar við tillögu að Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029

Umsögn Stykkishólmsbæjar lögð fram til kynningar. Bæjarráð leggur áherslu á mikilvægi þeirrar forgangsröðunar sem fram kom í niðurstöðum starfshóps um samgönguáætlun Vesturlands.

- 8. 1610134 - Mannauðsdagur Akraneskaupstaðar árið 2016**

Yfirlit yfir þær stofnanir Akraneskaupstaðar sem loka eftir hádegi þann 15. nóvember vegna mannaúsdags Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi lista yfir þær stofnanir og starfsemi sem verður lokið eftir hádegi þann 15. nóvember vegna mannaúsdags Akraneskaupstaðar og hvetur til þess að lokanirnar verði auglýstar rækilega.

- 9. 1611010 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017 og fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2017**

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga fer fram 24. mars næstkomandi á Grand Hótel í Reykjavík og fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin dagana 5. og 6. október 2017 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík.







Lagt fram til kynningar.

10. 1611011 - Sambandið - ýmsar tilkynningar

Kynning á námsferð sveitarstjórnarmanna um íbúasamráð í Svíþjóð.

Skýrsla sambands Íslenskra sveitarfélaga um námsferð til Svíþjóðar lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40.


Ingibjörg Valdmarsson

Jónbjörg Hauadóttir

Rannveig Gunnarsdóttir

Vilborg P. Guðbjartsdóttir

Ragnheiður Arnaldsdóttir

Sanna Aðolfsdóttir